

✉ RE: FS: Veiðitímabil helsingja

Búið til	29.6.2021 09:22:19
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	29.6.2021 09:22:18
Tilheyrir	📁 202106-0006 - Breyting á reglugerð um veiðar á helsingja

Efni

RE: FS: Veiðitímabil helsingja

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	29.6.2021 09:22:18	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-5 Umsagnir um veiði friðaðra fuglategunda		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	sigurdur.thrainsson@uar.is

Innihald

Sæll Sigurður,

Biðst afsökunar á smá töf á skilum á þessari umsögn en hún er meðfylgjandi.

Tilvísun í mál nr. 202106-0006 (KHS, SS).

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags 2. júní þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu Umhverfisstofnunar um breytingar á veiðitíma helsingja í Skaftafellssýslum. Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 2. júní sl. sem fylgdi erindinu kemur m.a. fram að Búnaðarsamband Suðursveitar hafi lýst "miklum ágangi á ræktarland, troðningi við vötn og tjarnir og hugsanlegum áhrifum á annað fuglalíf." Einnig eru þar skirt frá alþjóðlegu samstarfi á vegum AEWA sem Íslendingar taka þátt í og drögum að áætlun um stjórn stofnsins sem tekin verða fyrir á fundi í þessum mánuði. Umhverfisstofnun telur að með því að færa veiðitíma helsingja í fyrra horf verði hægt að hægja á þeirri miklu fjölgun varpfugla hér á landi og minnka líkur á neikvæðum áhrifum sem þeir kunna að hafa, einkum á ræktarland.

Frá og með 1999 hefur veiði á helsingja þar verið heimil frá og með 25. september en veiðitími annars staðar á landinu hefur byrjað 1. september. Þessi breyting var á sínum tíma gerð til að vernda lítinn íslenskan varpstofn sem hefur vaxið mikið og taldi um 2500 pör árið 2020 (Náttúrustofa Suðausturlandi og Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Þessri fuglar eru hluti af stofni helsingja sem til skamms tíma varp einvörðungu á A-Grænlandi, hefur vetursetu á Bretlandseyjum og kemur hér við á ferðum sínum vor og haust. Fylgst hefur verið með stofninum með reglubundnum talningum á vetrarstöðvum frá því um 1960

sem farið hafa fram á fimm ára fresti. Stofninn tífaldaðist fram til 2013, þ.e. óx úr um 8 þúsund fuglum að vori í um 80 þúsund fugla. Samkvæmt síðustu birtu talningu (2018) hafði fuglunum fækkað niður í 72 þúsund fugla eða álíka marga og þeir voru 2008, sjá <https://monitoring.wwt.org.uk/our-work/goose-swan-monitoring-programme/species-accounts/greenland-barnacle-goose/> (<https://monitoring.wwt.org.uk/our-work/goose-swan-monitoring-programme/species-accounts/greenland-barnacle-goose/>). Þetta má án efa rekja til markvissra fækkunaraðgerða í Skotlandi að frumkvæði þarlendrar stjórnvalda. Helsingjar voru taldir á vetrarstöðvum vorið 2020 en niðurstöður þeirra talninga liggja ekki fyrir.

Að frumkvæði Umhverfisstofnunar fóru fulltrúar þaðan og frá Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofu Austurlands, Náttúrustofu Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarði til fundar við bændur á Hala og Gerði í Suðursveit, ásamt fulltrúa frá Búnaðarsambandi Örfæinga 14.-15. júní sl. Jafnframt voru varpstöðvar og beitarlönd helsingja á Breiðamerkursandi og í grennd við Breiðabólstaðarlón í Suðursveit heimsótt. Fram að því hafði vorið verið mjög kalt og þurrt og tún og úthagi illa sprottin á þessum slóðum. Mikið af helsingjum var í túnnum og þau nauðbitin. Þrátt fyrir að bændur reyni að stugga við fuglunum sækja þeir jafnharðan í túnin enda eru þau mjög eftirsótt til beitara, einkum í því árferði sem lýst er hér að framan.

Að mati Náttúrufræðistofnunar verður ekki hægt að draga úr þeim vanda sem lýst er hér að framan svo neinu nemi með því einu að auka veiðar á helsingja, nema þá að ætlunin sé að stórfækka fuglunum. Fæling fugla úr túnnum mun bera takmarkaðan árangur meðan að túnin eru eftirsóttasta beitalandið. Því leggur Náttúrufræðistofnun til að hugað verði að ræktun túna í nágrenni sem ekki eru nýtt af bændum og þannig megi draga úr ásókn helsingja í þau tún sem bændur vilja verja ágangi. Mikið af túnnum er í næsta nágrenni, sem fallin eru úr ræktun, t.d. á Reynivöllum. Þessar aðgerðir yrðu opinberir aðilar að standa straum af.

Varpárangur helsingja er mjög breytilegur eins og títt er um hánorræna gæsir. Ungahlutfall hefur verið mjög breytilegt (frá um 1 – 18% af stofni) og ekki breyst að því er séð verður með vaxandi hlut íslenskra varpfugla á síðari árum. Ekki er ljóst hvernig helsingjar munu bregðast við ef veiðar hefjast fyrr enda hafa veiðar á varpstöðum þessa helsingjastofns ekki verið stundaðar hingað til, því nánast ekkert er veitt af honum á Grænlandi. Með reglubundnum talningum hér á landi og á vetrarstöðvum og góðri skráningu veiða ætti að vera unnt að meta með sæmilegu öryggi hvaða áhrif það hefur að flýta veiðitíma á helsingja á varpstöðvum í Skaftafellssýslu á þennan tiltölulega litla stofn. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að breyta veiðitímanum í skrefum, þ.e. heimila fyrst um sinn að veiðar hefjist 10. september og meta árangurinn að þremur árum liðnum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður Á. Þráinsson" <sigurdur.thrainsson@uar.is>

To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsen@ni.is>

CC:

Subject: RE: FS: Veiðitímabil helsingja
Date: 11.6.2021 11:04:38

Sæll Snorri

Já það er í fínu lagi.

Bestu kveðjur,
Sigurður

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: 11. jún. 2021 09:34
To: "Sigurður Á. Þráinsson" <sigurdur.thrainsson@uar.is>
Subject: Re: FS: Veiðitímabil helsingja

Sæll aftur,

Það eru aðeins skiptar skoðanir hér hjá okkur um þetta og við erum að ráða ráðum okkar. Kristinn Haukur lagði til að við myndum bíða með umsögnina til ykkar þar til eftir helsingjaferðina austur í næstu viku sem hann ætlar í. Hún verður væntanlega mjög upplýsandi um málið. Þannig að ef það er í lagi að við fáum að svara erindinu eftir ferðina þá óskum við þess.

Kv. Snorri

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður Á. Þráinsson" <sigurdur.thrainsson@uar.is>
To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "Kristinn Haukur Skarphéðinsson - NI" <Kristinn.H.Skarphedinsson@ni.is>
CC:
Subject: FS: Veiðitímabil helsingja
Date: 8.6.2021 11:56:36

Sælir,

Hér er greinargerðin þeirra, hún átti að fara með erindinu til ykkar. Meira hef ég ekki en Mummi ætti að hafa grunninn frá AEWA vinnunni.

Sigurður

Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri / Head of Division

Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is (<http://www.umhverfisraduneyti.is/>) - Fyrirvari/Disclaimer

(<https://www.stjornarradid.is/um-vefinn/um-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer/>)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



GRÆN SKREF

Frá: Bjarni Jónasson <bjarni.jonasson@umhverfisstofnun.is>

Sent: miðvikudagur, 2. júní 2021 12:51

Til: Björn Helgi Barkarson <bjorn.helgi.barkarson@uar.is>

Afrit: Sigurður Á. Þráinsson <sigurdur.thrainsson@uar.is>; Skúli Þórðarson

<skuli.thordarson@umhverfisstofnun.is>; Bjarni Pálsson <bjarni@umhverfisstofnun.is>; Katrín Rúnarsdóttir

<katrin.runarsdottir@umhverfisstofnun.is>

Efni: Veiðitímabil helsingja

Sæll Björn,

Í viðhengi er beiðni um breytingu á reglugerð sem tengist veiðitíma á helsingja í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. Það er ósk stofnunarinnar að veiðitími tegundarinnar hefjist 1. september í sýslunum tveimur eins og annarstaðar á landinu en ekki 25. september.

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi í morgun og samþykkt.

Kveðja, Bjarni

Bestu kveðjur, Best regards

Bjarni Jónasson

Sérfræðingur

Svið efna, eftirlits og veiðistjórnunar



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)